

Ársskýrsla Keilis 2024





1

Ávarp stjórnarformanns

Árið 2024 var ár mikilla breytinga hjá Keili þar sem fjöldi námsbrauta færðist til Fjölbrautarskóla Suðurnesja; stúdentspróf í tölvuleikjagerð, einka- og styrktarþjálfaranám og nám í fóttaaðgerðarfræði. Einnig hvarf framkvæmdastjóri til annarra starfa og var Berglind Kristjánsdóttir, forstöðumaður Háskólabrúar, ráðin í stöðu framkvæmdastjóra sem hún sinnir samhliða starfi sínu sem forstöðumaður. Upphaflega stóð til að fóttaaðgerðarfræðibrautin yrði lögð niður en nú er ljóst að hún mun verða rekin áfram með öðrum brautum í Fjölbrautarskóla Suðurnesja frá og með hausti 2025.

Rekstur Flugakademiunnar var seldur til Flugskóla Reykjavíkur og var þeim nemendum sem stunduðu nám þar boðið áframhaldandi nám á nýjum vettvangi sem margir nýttu sér. Rekstur dótturfélags Keilis, Flugakadémía Íslands, var í kjölfarið gefin upp til gjaldþrotaskipta þar sem reksturinn stóð ekki undir sér og var félagið ógjaldfært. Það hafði þau áhrif á móðurfélagið Keili að það þurfti að standa skil á skuldbindingum sem það hafði ýmist gengið í

sjálfsskuldarábyrgð fyrir eða lagt húsnaði skólans að veði.

Með minnkandi umsvifum í rekstri Keilis hefur legið fyrir að húsnaði skólans á Ásbrú sé of stórt fyrir starfsemi skólans og var því auglýst til sölu vor 2024 en það sá fyrir endann á þeirri vegferð þegar samningar náðust við Reykjanesbæ sem festi kaup á húsnaðinu nú um áramótin. Á Grænasbrautinni hyggst Reykjanesbær reka bæjarskrifstofur sínar á meðan ráðhúsið í miðbænum er í endurbótum en Keilir hefur samið um afnot að aðstöðu fyrir starfsfólk sitt og nemendur þar til varanleg staðsetning fyrir námið finnst.

Háskólabrú Keilis er kjarninn í þeirri starfsemi sem eftir er í Keili en skólinn hefur átt í samskiptum við Háskóla Íslands um framtíð hennar. Í samtölum við háskólann hefur komið fram einlægur vilji háskólans til að halda úti kennslu Háskólabrúar á Suðurnesjum enda hefur komið fram að akkur er í nemendum frá Háskólabrú Keilis og gengur þeim almennt vel í námi sínu í Háskóla Íslands.

Ég vil þakka framkvæmdastjóra og starfsfólki öllu fyrir vel unnin störf á þessum umbreytingartímum í starfsemi skólans. Starfsfólk er almennt hryggjarstykkið í starfsemi fyrirtækja en í þekkingarfyrirtæki sem Keili er fyrirtækið ekkert án starfsfólksins. Vonandi sjáum við fyrir endann á þeim breytingum sem orðið hafa og fest starfsemi Háskólabrúar enn betur í sessi.



Guðmundur Axel Hansen,
Stjórnarformaður Keilis



2

Ávarp framkvæmdastjóra

Árið 2024 má segja að hafi verið ár umtalsverða breytinga hjá Keili. Frá árinu 2007 hefur Keilir tekið á móti fjölmörgum nemendahópum í fjölbreytt námsframboð sem oftast en ekki kom til vegna þess að engin önnur menntastofnun á Íslandi hafði boðið upp á sambærilegt nám fram að því. Sambærilegt nám að því leytinu til að námið sem slíkt stóð ekki til boða né sambærileg kennslufræðileg nálgun. Sem dæmi má nefna um heildstætt nám er Háskólabrú, ævintýraleiðsögunám, stúdentsbraut í tölvuleikja-gerð, fótaðgerðarfræði, einka- og styrktarþjálfaranám eða námskeið sem snúa að vinnuvernd, endurmenntun atvinnubílstjóra eða flugþjónustu. Sama má segja um öðruvísi kennslufræðilega nálgun en áður hafði viðgengist á Íslandi og mætti

þá nefna vendinám, lotubundið fjarnám og leiðsagnarnám.

Markmið Keilis hefur því oftast en ekki verið að leita leiða fyrir fólk sem fann ekki menntun við sitt hæfi og gera tilraun til að bæta úr því. Í langflestum tilfellum tókst markmiðið en eins og gengur og gerist þá fóru sumar ákvarðanir ekki eins og áætlanir stóðu til. Það sem hefur ávallt einkennt starfsemi Keilis er framsækni, hátt þjónustustig og öflug samvinna. Enda eru einkunnaorð Keilis framsækni, þjónusta, samstarf og virðing.

En líkt og nefnt hefur verið þá einkenndist árið 2024 af umtalsverðum breytingum á starfsemi Keilis. Námsbrautum var lokað og aðrar færðust til

annarra menntastofnana. Áhrifin má rekja til rekstrarörðugleika sem koma til úr fyrri tíð og þá að stærstum hluta tengt dótturfélagi Keilis, Flugakademíu Íslands. Sá vandi kom til af margvíslegum ástæðum og leiddi til þess að eigendur Keilis reyndu að bregðast við með því að lána dótturfélaginu fjármuni með það fyrir augum að halda náminu gangandi, fyrst og fremst með hagsmuni nemenda að leiðarljósi. En því miður jókst vandinn og niðurstaðan var að setja húsnæði Keilis að Grænásbraut 910 á sölu vor 2024. Því voru teknar ákvarðanir um að draga úr starfseminni og færa námsbrautir til annarra stofnanna í samráði við ráðuneyti og aðrar menntastofnanir. Áherslan var að bjóða nemendum Keilis að halda þar áfram námi. Námið til stúdentsprófs í tölvuleikjagerð, einka- og styrktarþjálfaranám og að lokum fóttaðgerðafræði færðist til Fjölbautaskóla Suðurnesja. Þessar ákvarðanir voru ekki léttvægar fyrri stjórnendum og hafði mikil áhrif á nemenda- og starfsmannahóp Keilis enda fylgdu þessum breytingum hópuppsögn sem starfsmannahópnum óraði ekki fyrir. Nemendur sem höfðu gert áætlanir sáu fram á breytta mynd og upplifðu óöryggi. Framúrskarandi starfsfólk þurfti að hverfa á braut og þeir sem eftir sitja óöryggir með framtíð sína og starfsemi Keilis.

Undirrituð tók að sér að sinna stöðu framkvæmdastjóra tímabundið eftir að fyrrum framkvæmdastjóri hætti störfum 1.júlí 2024. Ástæðan fyrir ákvörðuninni var fyrst og fremst að halda áfram að lyfta upp því góða starfi sem eftir stóð og hlúa að starfsfólkinu.

Haustið 2024 var því krefjandi en í senn lærdómsríkt að mörgu leyti. Undirritaður var 5 ára samningur við Háskóla Íslands er snýr að aðfaranáminu Háskólabrú. Samstarf við Háskóla Íslands hefur einkennst af virðingu og skilningi á

þörf fyrir nám fyrir fullorðna einstaklinga sem leita eftir nýju tækifæri til náms.



Forsvarsmenn Keilis og Háskóla Íslands við undirritun áframhaldandi samstarfssamnings um Háskólabrú Keilis

Annað námsframboð sem Keilir hefur sóst eftir að halda gangandi er fjarnámshlaðborð Keilis. Umtalsverð aukning var á skráningum árið 2024 líkt og fram kemur í tölulegum gögnum. Áfangarnir sem hafa verið í boði tengjast opinni stúdentsbraut sem þarf viðurkenningu frá mennta- og barnamálaráðuneyti. Hugur Keilis er að halda áfram að bjóða upp þá áfanga enda augljós þörf. Fyrirkomulagið á þeirri námsleið þekkist ekki á Íslandi en þar geta nemendur skráð sig í nám eða áfanga allan ársins hring og stundað námið hvar sem er í heiminum. Framtíð námsins er nú í höndum mennta- og barnamálaráðuneytis.

Annað framboð hjá Keili er undirbúningsnámskeið fyrir inntökupróf í lækni-, tannlækni og sjúkraþjálfunarfræði. Það má segja að aðsóknin hafi farið fram úr björtustu vonum og árið 2024 skráðu sig 95% af þeim sem þreyttu prófið á námskeiðið eða yfir 350 nemendur.

Mig langar að koma á framfæri sérstöku þakklæti til starfsfólks Keilis, sér í lagi fyrir samstöðuna og umburðarlyndið gagnvart þeim áskorunum sem hafa verið lagðar fyrir framan okkur. Það er ekki sjálfgefið að fólki þyki vænt um vinnustaðinn sinn og fyrir hvað hann stendur.

Starf er ekki bara eitthvað starf, við eyðum stórum hluta ævinnar í starfi og þar á okkur að líða vel. Hjá Keilir starfar fólk sem hefur brennandi áhuga fyrir fræðslu og menntamálum. Það skiptir starfsfólkið máli að nemendur upplifi jákvætt andrúmsloft, umhverfi sem eykur þroska og vöxt þeirra og því er þeim boðin gæðaþjónusta. Það sem er því einstakt að þrátt fyrir krefjandi tíma og breytingar á síðastliðnu ári hafa nemendur ekki ávarpað breytingarnar og starfsfólk hefur náð að aðgreina tilfinningar frá fagmennsku og stutt við nemendur í þeirra námsvegferð hjá Keili.

Að lokum við ég koma á framfæri bestu þökkum og kveðjum til allra sem eru og hafa verið hluti af Keilisfjölskyldunni frá upphafi til dagsins í dag.



Berglind Kristjánsdóttir,
framkvæmdastjóri Keilis



3

Mennta- og þjónustusvið

Mennta- og þjónustusvið er stoðsvið við þær deildir sem starfa innan skólans. Undir mennta- og þjónustusvið fellur tölvuþjónusta, nemenda-skráning og bókhald, kennsluráðgjöf, náms- og starfsráðgjöf, vefstjórn, gæðastjórn, framkvæmd útskrifta, rekstur mötuneytis, þjónustuborð, innheimta skólagjalda og umsjón með þrifum. Fjöldi starfsfólks á mennta- og þjónustusviði fyrri hluta árs 2024 voru tíu starfsmenn, sjö í 100% stöðu og þrír í 50% stöðu. Á vordögum voru breytingar og uppsagnir í Keili sem flestar tóku gildi fyrir haustönn 2024. Þá var mötuneyti lokað og starf kennsluráðgjafa lagt niður. Þá voru sex starfsmenn eftir, fjórir í 100% stöðu og tveir í 50% stöðu, en á þeim tímapunkti fór öll starfsemi undir einn hatt og mennta- og þjónustusvið lagt niður í þeirri mynd sem áður hafði verið.

Náms- og starfsráðgjöf

Tveir starfsmenn sinna náms- og starfsráðgjöf í Keili, einn í 100% stöðu og einn í 50% stöðu. Náms- og starfsráðgjafar Keilis leitast við að veita nána og persónulega ráðgjöf með það að markmiði að ýta undir sjálfstæði og efla sjálfstraust nemenda.

Náms- og starfsráðgjafar sinna nemendum og svara fyrirspurnum um nám fyrir allar deilir skólans. Samhliða því sinna þeir verkefnum eins og að halda stutt fræðsluerindi fyrir nemendur, aðstoða deildir ef þörf er á t.d. í tengslum við umsóknir, inntökuviðtöl og próf. Náms- og starfsráðgjafar hafa umsjón með sérúrræðum fyrir nemendur og sjá til þess að það sé boðið uppá lesblindugreiningar. Náms- og starfsráðgjafar taka þátt í kynningum fyrir hópa frá öðrum fræðslumiðstöðvum, eru tengiliðir farsældar í tengslum við nýsett farsældarlög o.fl.

Breytingar á námsframboði Keilis og aukið hlutfall nemenda í fjarnámi gera kröfur til náms- og

starfsráðgjafa um sveigjanleika og þróun í vinnuaðferðum og leiðum í samskiptum. Ráðgjöf í gegnum fjarfundabúnað gegnir sífellt stærra hlutverki og hefur breytt þjónustu við fjarnema til hins betra. Á síðastliðnum árum hafa þær aðferðir nýst vel og hefur ráðgjöf í fjarfundum og í síma aukist til muna.

Náms- og starfsráðgjafar Keilis líta á endurmenntun og tengslamyndun sem mikilvægan þátt í starfi sínu. Á síðasta ári fóru þeir meðal annars á ráðstefnu Stigamóta, réttlæti eftir ofbeldi og á málþing ADHD samtakanna, konur vitund og valdefling. Þeir tóku grunn- og framhaldsnámskeið í tengslum við farsæld barna á vegum Barna- og fjölskyldustofu. Einnig tóku Náms- og starfsráðgjafar Keilis þátt í Virkniþingi Suðurnesja ásamt samráðsverkefninu Öruggeri Suðurnes. Þeir sóttu námskeið á vegum fræðslunefndar félags náms- og starfsráðgjafa ásamt ýmsum styttri fræðsluerindum og fyrirlestrum er nýtast í starfi.

Tölvudeild

Einn starfsmaður í 100% stöðu sinnir tölvu- og kerfisþjónustu. Helstu verkefni tölvudeildar á árinu fyrir utan daglega þjónustu við nemendur og starfsfólk var að ljúka við lokun á sérsvæðum og geymslusvæðum á vefþjónum Keilis. Koma notendum af AD, active directory, yfir í Enter ID. Fækkað var um netpunkta í húsinu og sett í ferli að fækka þeim enn frekar. Lokað var fyrir námsefni tengt Inntökpróf.is á kennsluvefnum Moodle og allt efni sett yfir á kennsluvefinn Canvas. Þá var farið í hagræðingu á tölvubúnaði vegna fækkunar deilda, tiltekt á heimasíðu Keilis og smátt og smátt verið að setja allt símkerfi í tölvur í stað borðsíma.



Anna María Sigurðardóttir,
Forstöðumaður menntasviðs

Útskriftir

Tvær útskriftarathafnir fóru fram á árinu, í janúar og maí og fóru þær báðar fram í Hljómahöll. Í janúar voru útskrifaðir nemendur af Háskólabrú og Menntaskólanum á Ásbrú en í maí voru nemendur útskrifaðir af Háskólabrú, ÍAK einka- og styrktarþjálfaranámi og Menntaskólanum á Ásbrú.

Árið 2024 útskrifaði Keilir 159 nemendur í heildina, flestir útskrifuðust af Háskólabrú eða 110 nemendur. Hér að neðan má sjá yfirlit yfir fjölda útskriftarnema eftir brautum árið 2024.

Braut	Fjöldi:
Háskólabrú-Fjarnám	100
Háskólabrú-staðnám	10
ÍAK-Einkaþjálfarar	14
ÍAK-Styrktarþjálfarar	14
Menntaskólinn á Ásbrú	21
Samtals árið 2023:	159

Í lok árs 2024 hafði Keilir útskrifað 4928 nemendur frá upphafi.

Gæðaráð

Gæðaráð er skipað einum aðila úr hverri deild valið af framkvæmdastjóra. Einnig eru fulltrúar foreldra, kennara og nemenda kallaðir á

gæðaráðsfundi þegar við á. Gæðaráð fundaði sex sinnum á árinu eða þrisvar sinnum á hverri önn. Á árinu vann skólinn markvisst að framkvæmd sjálfsmats í samræmi við áætlun um innra mat. Fjöldi innri úttekta voru framkvæmdar ásamt því að úrbótaáætlun var gerð. Megin verkefni gæðaráðs var að yfirfara allar stefnur Keilis og þær uppfærðar í samræmi við breytta starfsemi. Þá var farið markvisst í það að endurskoða gæðamál Keilis í samræmi við gæðakerfi framhaldsskóla og fleiri innri úttektum bætt við í samræmi við það. Markvisst var farið yfir niðurstöður innra mats og úrbótaáætlun sett fram ásamt því að úrbótaáætlun frá síðasta ári var yfirfarin.



Yfirlit um innri úttektir á árinu:

- Kennsla og kennsluhættir (matsfundir, kennslukannanir)
- Tölulegar upplýsingar (skráningarbrottfall, aldur, kyn og búseta nemenda, nemendafjöldi, fjöldi útskrifaðra og brottfall eftir að nemendur byrja í námi)
- Starfsmannasamtöl og vinnustaðakönnun starfsfólks
- Könnun um líðan nemenda og þjónustu skólans
- Prófanir í tölvudeild
- Náms- og starfsgengi þeirra sem útskrifaðir eru
- Úttekt á húsnæði
- Úttekt á stöðu eigna
- Ánægjukönnun foreldra ólögráða nemenda
- Úttekt á jafnlaunavottun
- Námsmat
- Námsárangur

Tölulegar upplýsingar


Hér að neðan er tafla sem sýnir fjölda nemenda eftir deildum á vor- og haustönn 2024.

Deild	Fjöldi vorönn	Fjöldi haustönn
Háskólabrú - Fjarnám	228	203
Háskólabrú - staðnám	16	14
Hlaðborð	221	309
Inntökupróf.is	288	120
Heilsuakademía - þjálfaranám	31	-
Fótaaðgerðafræði	12	11
Menntaskólinn á Ásbrú	76	-

Í töflunni hér fyrir neðan kemur fram meðalaldur nemenda eftir deildum á vor- og haustönn 2024.

Deild	Meðalaldur vorönn	Meðalaldur haustönn
Háskólabrú - Fjarnám	31	31
Háskólabrú - staðnám	29	30
Hlaðborð	22	21
Inntökupróf.is	20	20
Heilsuakademía - þjálfaranám	29	-
Fótaaðgerðafræði	38	40
Menntaskólinn á Ásbrú	19	-

Á myndunum hér fyrir neðan sést kynjaskipting nemenda á vor- og haustönn 2024.



Í töflunum hér að neðan má sjá búsetu nemenda eftir deildum.

Búseta vorönn 2024

Landshluti	HBR	HBR-F	HLB	ÍAK	ITP	MÁ	Samtals
Austurland	0%	1%	1%	0%	2%	0%	1%
Erlendis	0%	3%	2%	2%	1%	0%	2%
Höfuðborgarsvæðið	25%	59%	66%	42%	74%	28%	62%
Norðurland	0%	4%	3%	16%	6%	0%	5%
Reykjanes	75%	20%	20%	12%	3%	71%	19%
Suðurland	0%	7%	4%	14%	10%	0%	7%
Vesturland	0%	6%	3%	14%	3%	1%	4%
Samtals	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%

Búseta haustönn 2024

Landshluti	HBR	HBR-F	HLB	ITP	FÓT
Austurland	0%	1%	1%	1%	9%
Erlendis	0%	0%	1%	0%	0%
Höfuðborgarsvæðið	14%	58%	71%	64%	55%
Norðurland	0%	3%	3%	11%	9%
Reykjanes	79%	22%	18%	10%	9%
Suðurland	0%	10%	5%	8%	9%
Vesturland	7%	5%	1%	6%	9%



4

Háskólabrú

Fyrstu viku janúar 2024 hófst aftur nám á Háskólabrú. Bæði var skólasetning fyrir nýnema sem og aðrir nemendur héldu áfram námi í fjarnámi og staðnámi. Í ágúst hóf svo annar nýnemahópur nám bæði í staðnámi og fjarnámi. Talsverður fjöldi nemenda á Háskólabrú stundar nám sitt samhliða vinnu enda mikilvægur valkostur fyrir fullorðna námsmenn sem hafa ekki möguleika á að vera í fullu námi. Starfsemi ársins á Háskólabrú einkenndist af áframhaldandi framþróun og þjónustu við þann fjölda nemenda sem stundar nám á Háskólabrú.

Starfsfólk Háskólabrúar árið 2024 voru 18 talsins. Forstöðumaður var Berglind Kristjánsdóttir og Helga Lind Sigurbergisdóttir var verkefnastjóri fyrri hluta árs eða til ágúst 2024. Frá ágúst 2024 hóf Dóra Hanna Sigmarsdóttir störf sem verkefnastjóri á Háskólabrú samhliða kennslu. Á Háskólabrú störfuðu 16 kennarar ýmist í föstu starfi eða sem verktakar í stökum fögum. Til

viðbótar við starfsmenn Háskólabrúar eru starfsmenn menntasviðs innan handar tengt þjónustu við nemendur og starfsfólk s.s. náms- og starfsráðgjafar, tölvuþjónusta, kennsluráðgjafi og verkefnastjórar. Breytingar urðu á kennarahópi Háskólabrúar sem urðu í kjölfar breytinga annara deilda hjá Keili vor 2024 þegar námsbrautir færðust til Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

Háskólabrú er námsleið sem hefur verið hjá Keili frá upphafi og mikilvægi þeirra námsleiðar hefur sannarlega komið í ljós en við árslok 2024 höfðu 2586 nemendur lokið námsleiðinni. Háskólabrú er námsleið ætluð fullorðnum einstaklingum þar sem markmiðið er að undirbúa nemendur markvisst undir háskólanám. Námslok eru á þriðja hæfnisþrepi og því sambærilegt stúdentsprófi. Háskólabrú Keilis er svokallað aðfaranám að Háskóla Íslands og er því undir þeirra gæðaeftirliti.

Árið 2024 voru tæplega 180 nýnemar samþykktir í nám á Háskólabrú og af þeim voru 14 nemendur sem hófu staðnám haust 2024 sem var fækkun frá árinu áður. Aðsókn í fjarnám var áfram umtalsverð og um 44% þeirra sem hófu fjarnám voru skráðir í hálft nám sem er mögulegt að stunda samhliða vinnu.

Nám á Háskólabrú er í stöðugri þróun og á hverju ári er unnið markvisst að því að bæta skipulagningu og þróa námið í takt við nútímann og horfa til framtíðar. Jafnframt leggur Keilir áherslu á að kennarar fái svigrúm til endurmenntunar og vinni saman að endurbótum þvert á áfanga og jafnvel svið. Vendingamið stendur enn fyrir sínu og nemendur eru mjög ánægðir með þá kennsluaðferð svo nauðsynlegt er að viðhalda því og bæta ofan á. Við reynum ávallt að tileinka okkur nýjustu tækni sem völ er á í rafrænni kennslu og þannig leitast við að gera fjarnámskennslu aðgengilega og persónulega.



Persónuleg nálgun er eitt af aðalsmerkjum Háskólabrúar og markvisst reynt að skapa umhverfi sem er einfalt fyrir nemendur til að eiga samskipti sín á milli og við starfsfólk skólans. Því er leitast við að þjónusta og aðgengi nemenda að

kennurum og stoðþjónustu sé möguleg bæði í húsnæði Keilis sem og með rafrænum hætti. Ásamt Canvas og samskiptamöguleikum þess forrits er áfram stuðst við möguleika Office 365 t.a.m. Outlook, Teams sem og Viva Engage fyrir starfsfólk.



Hjá Keili starfar gæðaráð sem skipuleggur og tryggir gæðastarf á Háskólabrú. Unnið er eftir sérstakri handbók nemenda þar sem ýmsar gagnlegar og hagnýtar upplýsingar koma fram. Tvisvar á ári fá kennarar mat á sín störf frá nemendum sem svara kennslukönnun þegar áfanga er að ljúka. Einu sinni á ári er jafnframt matsfundur með nemendum þar sem nemendur fá tækifæri til að koma með jákvæðar ábendingar sem og athugasemdir um þætti sem betur mætti fara. Í lok hvers skólaárs þ.e. að vori er matsfundur kennara þar sem farið er yfir veturinn með gagnrýnum augum og þar eru jafnframt dregnir fram þættir sem vel hafa gengið en jafnframt hvað mætti bæta.

Skólaárið eftir útskrift nemenda á Háskólabrú eru sendar eftirfylgnikannanir þar sem leitast er eftir hvernig nemendum vegnar eftir útskrift. Bæði er spurt um upplifun nemenda af náminu ári eftir útskrift, hvað varðar fyrirkomulagið okkar og hvernig þeir telja sig vera undirbúna fyrir áframhaldandi nám. Niðurstöður úr könnun útskrifaðra nemenda árið 2024 voru sambærilegar og hafa verið síðustu ár. Nemendur eru ánægðir með undirbúninginn fyrir

háskólanámið og þökkðu starfsfólki sérstaklega fyrir þeirra faglegu nálgun og áhrifaríkar aðferðir. Þá töldu 95% af nemendum sem svöruðu könnuninni sig hafa fengið mjög góðan eða góðan undirbúning fyrir áframhaldandi nám sem er sambærilegt og árið áður. Sérstaklega var tekin fram ánægja með skilninginn, stuðninginn og góðan undirbúning fyrir næsta stig náms. Lýsandi dæmi um þetta komu fram í athugasemdum frá nemendum:

„Að geta horft á fyrirlestra, útskýringar á sínum tíma - hægt að spóla, heyra aftur, að sjá dæmi t.d. í stærðfræði. reiknuð var mjög góð upplifun fyrir mig í sambandi við eldri kennsluaðferðir sem ég hef verið í.“

„Háskólabrú er mjög góður undirbúningur til framhaldsnáms á háskólastigi. Ég er mun betur undirbúin fyrir námið sem ég er í núna eftir Háskólabrú heldur en ef ég hefði tekið hefðbundinn menntaskóla.“

„Mæli með námi á Keili við alla sem spyrja mig.“

„Ég er ennþá að tala um metnaðarfyllsta og einn af bestu kennurum sem ég hef haft. Það er gaman að hugsa til hvað það var skemmtilegt í þessu námi.“

„Vel gert Keilir. Besta skólareynslan.“

Niðurstöður sem þessar eru sambærilegar og síðustu ár og gerir starfsfólk Keilis enn stoltara af námsleiðinni og okkar framúrskarandi starfsmannahópi sem vinnur með nemendum á Háskólabrú. Niðurstöður gefa starfsfólki Keilis enn frekari innblástur til að halda áfram að þróa námið og koma til móts við þarfir nemenda.

Árið 2024 var ár krefjandi tíma. Óvæntar fréttir bárust í upphafi árs um óhjákvæmilegar breytingar á námsframboði sem hafði veruleg áhrif á líðan starfsmanna sem og óöryggi hvað varðar starf þeirra sem og framtíð Keilis sem menntastofnun. Það tók fólk tíma að átta sig á stöðunni og sætta sig við að þær ákvarðanir komu eingöngu af fjárhagslegum toga. Krefjandi tímar sem höfðu víðtæk áhrif á líðan starfsfólks sem og á starfsemina. En þrátt fyrir þessa staðreynd lagði starfsfólk sig fram að sinna sínum störfum hvort sem það hafði fengið uppsögn eða ekki. Starfsfólk sem er fagfólk fram í fingurgóma sem er umhugað um nemendur og Keili sem menntastofnun. Starfsfólk Háskólabrúar horfir nú björtum augum til framtíðar og hlakkar til að halda áfram að taka þátt í að móta námsumhverfi fyrir fullorðna einstaklinga og gefa þeim tækifæri á framhaldsmenntun sem nýtist þeim í námi og starfi.

Berglind Kristjánsdóttir,
*framkvæmdastjóri Keilis og forstöðumaður
Háskólabrúar*





5

Heilsuakademía

Í maí 2024 útskrifuðust 14 nemendur úr ÍAK einkaþjálfaranámi og sömuleiðis 14 nemendur úr ÍAK styrktarþjálfaranámi. Var þetta síðasti nemendahópurinn sem lauk námi á þessum námsbrautum hjá Keili en þær færðust frá hausti 2024 yfir til Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

ÍAK einka- og styrktarþjálfun

Þegar árið 2024 hófst hafði ÍAK einkaþjálfaranám Keilis verið í boði frá stofnun Keilis þar sem áhersla er lögð á þjálfun almennings. Námsbrautin var viðurkennd af barna- og menntamálaráðuneyti og Menntasjóður námsmanna veitti nemendum lán fyrir skólagjöldum. Námsbraut í einkaþjálfun telur í heildina 180 framhaldsskólaeiningar og er

tvískipt. Fyrri hlutinn, samanstendur af áföngum í kjarna og heilbrigðisgreinum. Þessi fög tóku nemendur í öðrum framhaldsskólum og/eða á Fjarnámshlaðborði Keilis og þurfa nemendur að ljúka þessum hluta áður en nám hefst í sérgreinum einkaþjálfunar. Seinni hlutinn samanstóð af 80 feiningum í sérgreinum einkaþjálfunar og sá hluti er kenndur í Keili á tveimur önnum.

Námsbraut í styrktarþjálfun hafði verið í boði frá 2014 þar sem áhersla er lögð á þjálfun íþróttafólks. Þeir sem sóttu námið höfðu ýmist hug á því að taka að sér þjálfun íþróttafólks eða nýta þekkinguna til eigin þjálfunar. Námið var 65 eininga nám sem kennt er á tveimur önnum og er samkeyrt með einkaþjálfaranámi á haustönn.

Báðar námsbrautirnar voru kenndar í fjarnámi með staðlotum. Í flestum tilvikum voru vinnulotur helgaðar verklegri þjálfun og bóklegar greinar kenndar í fjarnámi og nemendur teknir inn á haustönn ár hvert.

Fótaaðgerðafræði

Í febrúar 2017 hófu fyrstu nemendur nám í fótaaðgerðafræði hjá Keili. Brautin skiptist í þrjá hluta, þ.e. almennar kjarnagreinar, heilbrigðisgreinar og sérgreinar fótaaðgerðafræði. Til að hefja nám í sérgreinum þurftu nemendur að hafa lokið hinum hlutunum tveimur og má því segja að það hafi verið inntökuskilyrði inn í sjálft námið.

Sérgreinar brautarinnar töldu 90 einingar sem dreifðust á þrjár annir. Bóklegar greinar voru kenndar í fjarnámi, en verkleg þjálfun fór að miklu leyti fram í Keili. Fyrstu önnina mættu nemendur fimm sinnum í vinnulotur, 2-3 daga í seinn. Seinni annirnar tvær má segja að nemendur hafi mætt í lotur aðra hverja viku, 3-4 daga í senn. Síðasti hópurinn fékk auk þess verklega þjálfun á Göngudeild innkirtla- og gigtarsjúkdóma á Landspítalanum.

Á þeim tæpum 8 árum sem námið var starfrækt í Keili voru teknir inn 8 nemendahópar. Aðsókn fór vaxandi eftir því sem námið festi sig í sessi og

síðustu fjórir námshóparnir voru fullsetnir, þ.e. 12 nemendur í hverjum hópi. Þegar upp var staðið skilaði námið 74 útskrifuðum fótaaðgerðafræðingum. Þar af voru 11 nemendur sem luku námi í desember 2024.

Eitt af meginmarkmiðum Keilis var að gera námið aðgengilegt fyrir nemendur búsetta alls staðar á landinu. Þegar nemendahópurinn er skoðaður má sjá að þetta markmið hafi náðst. Sem dæmi um það má nefna síðasta hópinn, en auk höfuðborgarsvæðisins og Reykjaness voru nemendur í honum frá Akureyri, Tálknafirði, Hornafirði og Selfossi.



Skúli Freyr Brynjólfsson,
Verkefnastjóri heilsuakademíu



6

Menntaskólinn Ásbrú

Í ágúst 2019 hófu fyrstu nemendurnir nám í Menntaskólanum á Ásbrú. Fyrstu árin var ein námsbraut í boði sem var stúdentsbraut í Tölvuleikjagerð. Haustið 2023 var til viðbótar byrjað að taka nemendur inn á opna námsbraut.

MÁ markaði sér strax sérstöðu í íslensku skólakerfi á ýmsan hátt. Ekki einungis þar sem skólinn var sá eini sem bauð uppá námsbraut í tölvuleikjagerð á framhaldsskólastigi, heldur líka vegna þeirrar nálgunar sem valin var í fyrirkomulagi og þjónustu við nemendur. Hér á eftir verða helstu einkenni skólans talin upp og útskýrð stuttlega. Allt nám í MÁ fór fram með fyrirkomulagi vendináms. Þannig gátu nemendur stjórnað sinni nálgun og sínum

hraða í hverju fagi í stað þess að framvindan sé meira á forsendum kennara. Stundatafla nemenda samanstóð þannig af hámark þremur námsgreinum hvern dag og kennslustundir 1-3 klukkustundir í senn. Ekki voru skrifaðar formlegar pásur í töfluna að hádegispásu undanskilinni þar sem nemendur eiga misjafnlega auðvelt með að sitja lengi við og gátu því tekið sér pásur eftir hentugleika. Hverri önn var skipt í tvær 8 vikna lotur með 3-4 fögum í hverri lotu.

Útgangspunkturinn í skólanum var að þar færi fram staðnám og því aðeins ein mætingaregla, þ.e. að nemendur mættu í skólann. Engu að síður var meiri áhersla lögð á vinnuframlag nemenda en

það hvar þau væru staðsett þegar verkefnin væru leyst. Krafan um mætingu þannig alls ekki stíf og því féll enginn nemandi á mætingu. Þeir sem hins vegar skiluðu ekki af sér góðri vinnu náðu ekki að standast áfanga.

Þannig var komið til móts við nemendur sem glímdu við örðugleika á borð við félagsfærni eða athyglisbrest. Nemendur sem vildu mæta en láta lítið á sér bera gátu jafnframt verið í rafrænum samskiptum við kennara innan kennslustundar, fremur en að sitja með upprétta hönd. Það bauð jafnframt uppá möguleikann fyrir nemendur að vera staðsettir í öðru rými innan skólans en í fyrirfram gefinni kennslustofu.

Nemendur með námsörðugleika þurftu ekki að skila inn greiningargögnum til skólans, heldur var lítið svo á að ef einhver þyrfti á annarri nálgun að halda myndi það standa öllum nemendum til boða. Þannig þurftu þeir nemendur ekki að líta á sig sem frávik frá norminu, heldur sátu allir við sama borð.

Allt ofangreint hjálpaði til við að vinna að því meginmarkmiði að nemendum líði vel í skólanum. Nemandi sem ekki líður vel er minna líklegur til að ná árangri. Strax frá upphafi var nemendahópur MÁ mjög fjölbreyttur, bæði hvað varðar námslega getu og félagslega stöðu. Seinni árin jókst aðsókn nemenda sem ekki höfðu fundið sig í grunnskóla og jafnvel verið utan veltu af ýmsum ástæðum. Meðal annars var nokkuð stór hluti nemenda óviss með kynferði sitt, en fundu að þeir væru hjartanlega velkomnir innan veggja MÁ.

Fréttir af því að Menntaskólanum á Ásbrú yrði lokað vorið 2024 var mikið högg fyrir starfsfólk,

nemendur og forráðamenn, enda enginn skóli á Íslandi sem býður uppá viðlíka nálgun. Vissulega byrjaði annar skóli að bjóða uppá nám í tölvuleikjagerð, en námsbraut líkt og húsnæði er aðeins lítill hluti af starfsemi skóla. Menningin og aðferðafræðin í MÁ var alveg einstök og íslenskt skólakerfi missti mikið þegar þessum skóla var lokað.

Fjarnámshlaðborð

Undir menntaskólanum hefur einnig verið starfrækt fjarnámshlaðborð með sérstökum framhaldsskólaáföngum sem kenndir eru í fjarnámi og hægt að taka hvenær sem er. Þessir áfangar hafa tengst inn í viðurkenndu námsbrautirnar hjá Keili, annað hvort sem undirbúningur eða sem val á námsbrautunum. Þó hefur aukist að nemendur úr öðrum framhaldsskólum hafa sótt áfangana oftár en ekki til að eiga möguleika á að útskrifast úr þremur árum í sínum skóla. Árið 2024 var aðsóknin mikil en 530 nemendur skráðu sig í tæplega 900 áfanga sem er um 40% aukning frá árinu áður og því augljós þörf fyrir opna áfanga í fjarnámi.



Skúli Freyr Brynjólfsson,
Áfangastjóri MÁ



7

Fjármálasvið

Fjármálasvið hefur umsjón með fjármálum og rekstri Keilis. Miklar breytingar voru á árinu þar sem ákveðið var að færa þrjár námsbrautir til Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Við þessar breytingar þurfti að endurskipuleggja félagið að breyttum aðstæðum. Félagið hefur tekið miklum breytingum undanfarin ár og náð að kjarna sig betur með því að setja skýra sýn til framtíðar.

Rekstrarniðurstöður

Rekstur félagsins gekk vel á árinu þar sem rekstrartekjur voru yfir áætlun ásamt því að ná að draga verulega úr kostnaði miðað við rekstraráætlun ársins. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði hækkaði annað árið í röð eftir en reksturinn hafði verið nokkuð erfiður fyrir þann tíma. Reksturinn er orðinn einfaldari, skilvirkari og stendur á sterkum grunni. Nánari

umfjöllun um rekstrarniðurstöðu er að finna í ársreikningi félagsins.

Skipulag

Fjármálasvið hefur umsjón með bókhaldi, fjárreiðum, eftirliti, greiningum, rekstri fasteigna og starfsmannamálum. Á sviðinu starfa þrír starfsmenn við fjármálastjórn, bókhald og umsjón fasteignar en á árinu var fækkað um eitt stöðugildi.

Jafnlaunavottun

Markmið jafnlaunakerfisins er að kynbundinn launamunur sé innan við 3% og því markmiði hefur verið náð frá upphafi mælinga.

Jafnvægisvog FKA

Keilir fékk viðurkenningu FKA á árinu sem snýr að því að auka jafnvægi kynja í efsta lagi stjórnunar fyrirtækja hér á landi.

Húsnæðismál

Til þess að aðlagast breyttum rekstrarforsendum var húsnæði félagsins sett á söluskrá. Undir lok ársins hóf Reykjanesbær viðræður við félagið um kaup á húsnæðinu sem endaði með því að félagið samþykkti tilboð frá Reykjanesbæ. Keilir mun vera áfram í húsnæðinu út yfirstandandi skólaár á meðan leitað verður að hentugra húsnæði.



Sigurður Bjarni Hafþórsson,
Fjármálastjóri Keilis



Keilir
Háskólabrú